

Álagning fasteignagjalda í Mosfellsbæ 2023

Álagning fasteignagjalda byggir á gildandi fasteignamati allra fasteigna eins og það er í janúar ár hvert. Álagning fasteignagjalda fer fram á vegum fjármáladeildar Mosfellsbæjar sem einnig hefur umsjón með leiðréttingum, reikningagerð og innheimtu. Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti á XXX. fundi sínum að álagning fasteignagjalda 2023 verði sem hér segir:

Fasteignagjöld íbúðarhúsnæðis: A - skattflokkur

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

Fasteignaskattur A	0,195%	af fasteignamati húss og lóðar
Vatnsgjald	0,065%	af fasteignamati húss og lóðar
Fráveitugjald	0,090%	af fasteignamati húss og lóðar
Lóðarleiga A	0,310%	af fasteignamati lóðar
Sorphirðugjald	kr. 56.900	pr. íbúð

Fasteignagjöld stofnana: B - skattflokkur

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

Fasteignaskattur B	1,320%	af fasteignamati húss og lóðar
Vatnsgjald	0,065%	af fasteignamati húss og lóðar
Fráveitugjald	0,090%	af fasteignamati húss og lóðar
Lóðarleiga B	1,100%	af fasteignamati lóðar

Fasteignagjöld annars húsnæðis: C - skattflokkur

Aðrar fasteignir en falla undir A og B flokk t.d. verslanir, iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði

Fasteignaskattur C	1,520%	af fasteignamati húss og lóðar
Vatnsgjald	0,065%	af fasteignamati húss og lóðar
Fráveitugjald	0,090%	af fasteignamati húss og lóðar
Lóðarleiga C	1,100%	af fasteignamati lóðar

Yfirlit yfir gildandi gjaldskrár Mosfellsbæjar má finna á vefsíðunni www.mos.is

Birting álagningar, gjalddagar og greiðsla fasteignagjalda

Álagning er birt rafrænt á www.island.is og íbúagátt ibuagatt.mosfellsbaer.is en jafnframt er hægt að óska eftir útprentuðum álagningarseðli í Þjónustuveri Mosfellsbæjar. Fasteignagjöld skiptast á tíu gjalddaga frá 1. febrúar til 1. nóvember. Eindagi fasteignagjalda er þrjátíu dögum eftir gjalddaga og fellur allur skattur ársins í gjalddaga ef vanskil verða. Sé fjárhæð fasteignagjalda undir kr. 40.000 er gjalddagi þeirra 1. febrúar.

Greiðslu má inna af hendi með greiðsluseðlum, í heimabanka og í bönkum. Jafnframt er hægt að greiða fasteignagjöldin með beingreiðslum eða boðgreiðslum. Nánari upplýsingar um greiðslumöguleika fást í Þjónustuveri Mosfellsbæjar. Greiðsluseðlar eru almennt ekki sendir nema þess hafi verið óskað sérstaklega á íbúagátt ibuagatt.mosfellsbaer.is eða í Þjónustuveri. Álagning fasteignaskatts er kæránleg til yfirfasteignamatsnefndar og skal kæra borin fram innan þriggja mánaða frá álagningu.

Afsláttur til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti og fráveitugjaldi

Lækkunin er reiknuð sjálfkrafa í samvinnu við Þjóðskrá Íslands og Ríkisskattstjóra og stuðst við síðasta skattframtal. Afslátturinn er færður til lækkunar á fasteignagjöldum á álagningarseðli. Nánari reglur má finna á vef Mosfellsbæjar www.mos.is.

Tekjumörk elli- og örorkulífeyrisþega eru sem hér segir:

2023 Afsláttur	Tekjur einstaklinga 2021		2023 Afsláttur	Tekjur samskattaðra einstaklinga 2021	
	Frá	Til		Frá	Til
100%	0	5.826.999	100%	0	7.574.999
80 %	5.827.000	6.183.999	80 %	7.575.000	8.038.999
60 %	6.184.000	6.563.999	60 %	8.039.000	8.533.999
40 %	6.564.000	6.966.999	40 %	8.534.000	9.056.999
20 %	6.967.000	7.394.999	20 %	9.057.000	9.612.999

Nánari upplýsingar fást hjá Mosfellsbæ í síma 525-6700 eða á netfanginu mos@mos.is